

Nd.

480. Nefndarálit

[20. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Frv. þetta um breytingar á 1. og 15. gr. kosningalaganna frá 1959 er flutt til að samræma þau lög stjórnarskrárbreytingunni, sem samþykkt var á Alþingi í fyrra og endursamþykkt á þingi því, er nú er. Allir nefndarmenn eru sammála um að mæla með því, að þessar kosningalagabreytingar nái fram að ganga á þessu þingi og að lágmarksaldur kjósenda verði þar með lækkaður úr 21 ári í 20 ár.

En við afgreiðslu frv. í nefndinni lagði formaður hennar fram með því tvær breytingartillögur við það, sem útbýtt hefur verið á Alþingi á þskj. 303 og 437, við 27. og 58. gr. laganna, og vildi meiri hl. n. mæla með báðum þessum brtt. ásamt frv. Á það vildi undirritaður minni hl. ekki fallast og gefur því út sérstakt nefndarálit, þar sem mælt er með frv., en ekki brtt. við það. Til þessa eru þær ástæður, er nú skal greina.

Um frv. sjálft, er varðar lækkun kosningaaldurs, virðist enginn ágreiningur vera á Alþingi og því nokkurn veginn eða alveg víst, að það muni ná fram að ganga, þótt ekki sé langt eftir af þingtímanum, ef breytingartillögur með nýjum efnisatriðum verða ekki til þess að tefja málsmeðferðina. Það er raunar ekki ólíklegt, að takast mætti að afgreiða brtt. á þskj. 303 án ágreinings í þinginu. Öðru máli gegnir um brtt. á þskj. 437. Þar er bersýnilega um ágreiningsmál að ræða. Þá er og þess að geta, að komið hafa fram í nefndinni raddir um, að ástæða kunnri að vera til að breyta 63., 93. og 110. gr. kosningalaganna, þótt engar tillögur hafi verið um það formlega fluttar. Þar að auki eru fram komnar á Alþingi brtt. á þskj. 224 við 27., 32. og 41. gr. laganna, sem ekki voru lagðar fram eða ræddar í nefndinni.

Kosningalögin frá 1959 eru nú búin að vera nálega 9 ár í gildi og hafa verið framkvæmd við þrennar alþingiskosningar. Þau voru að því leyti nýsmíði, að þau voru sett til að framkvæma stjórnarskrárnýmæli um kjördæmaskipun og kosningaraðferð. Með tilliti til þessa og þeirrar reynslu, sem fengin er, lítur minni hl. svo á, að nú sé tímabært að taka kosningalögin frá 1959 í heild til endurskoðunar á þessu eða næsta ári. Kæmu þá m. a. til athugunar þær breytingartillögur, sem þegar hafa verið fram bornar formlega eða óformlega, svo og aðrar, er fram kynnu að koma.

Af þessu leiðir, að minni hl. telur þarflaust að breyta kosningalögunum á þessu þingi að öðru leyti en því, sem óhjákvæmilegt er til þess, að hin nýju stjórnarskrárákvæði um kosningaaldur komi til framkvæmda. En nýjar breytingartillögur nú geta, ef ágreiningur er um þær, tafið meðferð kosningaaldursákvæðisins á hinum takmarkaða þingtíma, sem eftir er.

Minni hl. leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 28. marz 1968.

Gísli Guðmundsson, Steingrímur Pálsson.  
frsm.